

**Nd.**

**293. Nefndarálit**

**[138. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í desembermánuði 1968 voru samþykkt á Alþingi lög „um ráðstafanir í sjávarútvegi“, og með þeim var gildandi kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna breytt í grundvallaratriðum.

Samkvæmt lögum þessum átti að taka frá 27—37% af lönduðu aflaverðmæti fiskiskipa af óskiptum hlut og ráðstafa því til greiðslu á afborgunum og vöxtum skipanna, og nokkur hluti átti að renna beint til útgerðarmanna vegna hækkandi rekstrarkostnaðar. Með þessum ákvæðum laganna var gildandi samningum sjómanna og útgerðarmanna breytt stórkostlega sjómönnum í óhag. Sjómenn voru samkv. lögnum raunverulega skyldaðir til þess að greiða af sínum hlut verulegan hluta af afborgunum og vöxtum útgerðarinnar og til þess að taka þátt í útgerðarkostnaði skipanna.

Við Alþýðubandalagsmenn vorum algjörlega á móti þessum ákvæðum laganna og lögðum til, að þeim yrði breytt. Tillögur okkar náðu ekki fram að ganga. Afleiðingar af setningu þessara laga urðu þær, að strax um áramótin 1968 og 1969 urðu deilur um launakjör sjómanna, sem leiddu til stöðvunar fiskiskipaflotans í byrjun vetrarvertíðar. Um miðjan febrúarmánuð tókust samningar, og fengu sjómenn þá nokkrar minni háttar lagfæringar á sínum kjörum, en þó stóðu eftir meginatriði þessarar ósanngjörnu löggjafar.

Sjómenn hafa margsinnis mótmælt þessum lögum og krafizt þess, að þeim yrði breytt. Í upphafi vetrarvertíðar í ár komu enn upp deilur um þessi lög, og leit helst út fyrir, að um alvarlega stöðvun flotans yrði að ræða. Nokkrar breytingar til bóta á lögnum fengust í þeim átökum, og felur það frumvarp, sem hér liggur fyrir, í sér þær breytingar.

Ég er samþykktur þessum breytingum og get því stutt frumvarpið, en vil þó jafnframt taka það fram, að ég tel, að gera þurfi miklu meiri breytingar á lögnum „um ráðstafanir í sjávarútvegi“. Engar líkur eru til, að friður geti tekizt um launakjör sjómanna, á meðan þau lög eru á þann veg, sem þau eru nú. Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að sjómenn og útgerðarmenn eigi í frjálsum samningum að ákveða launakjör sjómanna, en Alþingi eigi þar ekki að grípa inn í, gegn vilja samningsaðila.

Alþingi, 27. jan. 1970.

Lúðvik Jósefsson.